

Ed.

353. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreittis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en hæstiréttur oddamann. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdráttu að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti, sem í 2. gr. segir, skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æskulýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem áð framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem óháður er öllum stjórnmalasamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af fyrrverandi dómsmálaráðherra, dr. juris Einari Arnórsyni, og er flutt í samráði við hann.